



Alþýðusamband Íslands

## Jafnrétti kvenna og karla Stefna og aðgerðaáætlun 2012 - 2016

### Stefna

Jafn réttur og jöfn tækifæri kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa eru meðal þeirra grundvallarpáttanna mannréttinda sem verkalýðshreyfingin byggir á og skal standa vörð um. Sterk verkalýðshreyfing þrýstir á aukið jafnrétti en um leið þarfnast baráttan víðtæks stuðnings launafólks. Alþýðusamband Íslands á að koma með virkum hætti að stefnumótun og aðgerðum í baráttunni fyrir jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins. Til þess að fylgja því eftir skal ASÍ:

1. Taka virkan þátt í þróun lagasetninga er varða jafnrétti kvenna og karla og innleiðingu þeirra sem og jafnlaunastaðals á vinnumarkaði.
2. Vinna að framgangi jafnréttis kynjanna með virkri þátttöku á öllum sviðum samfélagsins sem og innan sinna vébanda.
3. Vinna markvisst með aðildarsamtökum sínum að því að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla.

### Aðgerðaáætlun

Til þess að fylgja eftir þessum markmiðum skal ASÍ í samvinnu við aðildarfélög sín vinna að eftirtöldum verkefnum.

#### Liður 1:

- Vinna gegn launamun kynjanna með því að;
  - stuðla að innleiðingu jafnlaunastaðals á vinnumarkaði
  - taka virkan þátt í að afla stöðugt nýrra upplýsinga um laun kvenna og karla, vinna úr þeim og kynna
  - taka þátt í undirbúningi gagnasöfnunar um launamun kynjanna með tillögum og athugasemdum til þeirra sem gera launakannanir
  - taka virkan þátt í endurskoðun jafnréttislaganna

- Vinna tölulegar upplýsingar um stöðu jafnréttismála innan sambandsins með því að;
  - vinna áfram með kynjabókhalda, efla og auka við þær upplýsingar sem þar eru greindar og lagðar fram.

#### **Liður 2:**

- Jafna stöðu kvenna og karla í stjórnnum og áhrifastöðum á vinnumarkaði og innan verkalýðshreyfingarinnar með því að;
  - taka tillit til kynjasjónarmiða við val í nefndir og ráð þar sem hreyfingin skipar fulltrúa í
  - byggja upp tengslanet kvenna sem eru talsmenn verkalýðshreyfingarinnar; kjörnir fulltrúar, starfsmenn, sérfræðingar, trúnaðarmenn og/eða virkir félagsmenn
  - stuðla að breytingum á hefðum hvað varðar tímasetningar funda og annarra félagslegra atburða þannig að markmiðum samþættingar atvinnu- og fjölskyldulífs verði náð
- Stuðla að því að öll aðildarsamtök innan ASÍ setji sér og/eða fylgi eftir jafnréttisáætlun í samræmi við jafnréttislög með því að;
  - skipuleggja og fylgja eftir fræðslu um gerð slíkra áætlana þar sem fram koma m.a. ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundna eða kynferðislega áreitni í öllu starfi verkalýðshreyfingarinnar
- Að samþætta kynjasjónarmið við kröfugerð og í kjarasamningaferli

#### **Liður 3:**

- Efla jafnréttisfræðslu hreyfingarinnar með því að;
  - stuðla að fræðslu um jafnrétti kvenna og karla á vegum hreyfingarinnar
  - kynna nýjar áherslur í samþættingu jafnréttis- og mannréttindasjónarmiða
  - fræða um ný ákvæði í lögum, reglugerðum og samþykktum sem geta haft áhrif á þróun og aðgerðir í jafnréttismálum

### **Árangursmælingar**

Þróa skal leiðir til að hægt sé að mæla með kerfisbundnum hætti árangur fræðslu, aðgerða, jafnréttisáætlana og annarra verkefna sem fram koma í stefnu- og aðgerðaráætlun 2012-2016. Fyrir mitt ár 2013 skulu liggja fyrir hvernig haga skuli mælingum til að meta árangur þessarar áætlunargerðar.